

TILSKIPUN RÁÐSINS 2001/111/EB

2003/EES/49/13

frá 20. desember 2001

varðandi tilteknar sykrur til manneldis (*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 37. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Rétt er að einfalda tilteknar, lóðrétt tengdar tilskipanir á sviði matvæla með þeim hætti að eingöngu sé tekið tillit til grunnkrafna, sem þarf að uppfylla viðvikjandi þeim vörum sem falla undir tilskipanirnar, svo að flutningur viðkomandi vara verði greiðir á innri markaðinum, í samræmi við niðurstöður fundar leiðtogaáráðsins sem haldinn var í Edinborg 11. og 12. desember 1992 en þær voru staðfestar með niðurstöðum fundar leiðtogaáráðsins í Brussel 10. og 11. desember 1993.
- 2) Tilskipun ráðsins 73/437/EBE frá 11. desember 1973 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi tilteknar sykrur til manneldis ⁽⁴⁾ var rökstudd með því að sá munur, sem væri milli löggjafar einstakra ríkja um tilteknar sykruhápa, gæti haft í för með sér ójöfn samkeppnisskilyrði sem gæti villt um fyrir neytendum og þar af leiðandi haft bein áhrif á stofnun og starfsemi hins sameiginlega markaðar.
- 3) Tilgangurinn með tilskipun 73/437/EBE var því að mæla fyrir um skilgreiningar og sameiginlegar reglur um framleiðslueiginleika, umbúðir og merkingar umræddra vara til þess að tryggja frjálsan flutning innan bandalagsins.
- 4) Framkvæmdastjórnin áformar að leggja til, eins fljótt og auðið er og eigi síðar en 1. júlí 2000, að í tilskipun ráðsins 80/232/EBE frá 15. janúar 1980 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi tilgreint magn og rými sem leyfilegt er fyrir tilteknar forpakkaðar vörur ⁽⁵⁾ verði teknir upp hinir ýmsu þyngdarflokkar þeirra vara sem skilgreindir eru í tilskipuninni.
- 5) Til löggjvunar skal endursemja tilskipun 73/437/EBE til að gera reglur um framleiðslu- og markaðsskilyrði sykra aðgengilegri og til að aðlaga þær að almennri löggjöf bandalagsins um matvæli, einkum löggjöf um merkingar, litarefni og önnur leyfð aukefni, útdráttarleysa og greiningaraðferðir.
- 6) Almennar reglur um merkingar matvæla, sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB ⁽⁶⁾, skulu gilda með fyrirvara um tiltekin skilyrði.
- 7) Samkvæmt dreifræðis- og meðalhófsreglunni í 5. gr. sáttmálans geta aðildarríkin ekki náð á viðhlítandi hátt því markmiði að mæla fyrir um sameiginlegar skilgreiningar og reglur fyrir umræddar vörur og aðlaga ákvæðin að almennri löggjöf bandalagsins um matvæli og þess vegna verður því betur náð á vettvangi bandalagsins sakir þess hvers eðlis tilskipunin er. Ekki er gengið lengra með tilskipuninni en nauðsyn krefur til þess að settum markmiðum verði náð.
- 8) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari tilskipun ber að samþykkja í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ⁽⁷⁾.
- 9) Til að koma í veg fyrir að nýjar hindranir myndist gegn frjálsu vöruflutningum ættu aðildarríkin ekki að samþykkja innlend lagaákvæði sem varða umræddar vörur og ekki er kveðið á um í þessari tilskipun.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

Tilskipun þessi gildir um vörur sem eru skilgreindar í A-hluta viðaukans.

Tilskipun þessi gildir þó ekki um vörur sem eru skilgreindar í A-hluta viðaukans þegar um er að ræða flórsýkur, kandís og sykurtoppa.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 10, 12.1.2002, bls. 53, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 99/2002 frá 12. júlí 2002 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 54, 31.10.2002, bls. 9.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 231, 9.8.1996, bls. 6.

⁽²⁾ Stjtið. EB C 279, 1.10.1999, bls. 90.

⁽³⁾ Stjtið. EB C 56, 24.2.1997, bls. 20.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 356, 27.12.1973, bls. 71. Tilskipuninni var breytt með aðildarlögum frá 1985.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 51, 25.2.1980, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 87/356/EBE (Stjtið. EB L 192, 11.7.1987, bls. 48).

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 109, 6.5.2000, bls. 29.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 184, 7.7.1999, bls. 23.

2. gr.

Tilskipun 2000/13/EB gildir um þær vörur, sem eru skilgreindar í A-hluta viðaukans, sbr. þó eftirfarandi skilyrði og undantekningar:

1. Vöruheitin, sem eru skráð í A-hluta viðaukans, skulu einungis notuð yfir þær vörur sem um getur þar og í viðskiptum til auðkenningar, sbr. þó 5. lið.

Einnig má nota vöruheitið, sem um getur í 2. lið A-hluta viðaukans, til að tilgreina vöruna sem um getur í 3. lið A-hluta viðaukans.

Samt sem áður

— mega vörunar, sem eru skilgreindar í A-hluta viðaukans til viðbótar við lögboðið vöruheiti, einnig bera önnur heiti sem eru almennt notuð í ýmsum aðildarríkjum,

— má einnig nota vöruheitin í vöruheitum, sem tákna aðrar vörur, í samræmi við venjur,

að því tilskildu að slík heiti villi ekki um fyrir neytandanum.

2. Þegar um er að ræða vörur í neytendaumbúðum sem eru undir 20 gr. þarf ekki að tilgreina nettóþyngd á merkimiðanum.
3. Þegar um er að ræða sykurlausn, lausn andsykurs og umsnúið síróp skal tilgreina á merkimiðanum magn þurrefnis og andsykurs.
4. Tilgreina skal á merkimiðanum heitið „kristallað“ þegar umsnúið síróp inniheldur kristalla í lausninni.
5. Þegar vörunar, sem um getur í 7. og 8. lið A-hluta viðaukans, innihalda meira en 5% af frúktósa, miðað við þurrefni, skulu þær, að því er varðar vöruheiti þeirra og innihaldsefni, merktar annars vegar „frúktósa-glúkósa-síróp“ eða „glúkósa-frúktósa-síróp“ og hins vegar „þurrkað glúkósa-frúktósa-síróp“ eða „þurrkað frúktósa-glúkósa-síróp“ til að sýna hvor þátturinn sé stærri, glúkósa- eða frúktósaefnisþátturinn.

3. gr.

Þegar um er að ræða vörur sem eru skilgreindar í viðaukanum skulu aðildarríkin ekki samþykkja innlend ákvæði sem ekki er kveðið á um í þessari tilskipun.

4. gr.

Samþykkja ber nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari tilskipun, sem varða þau efnissvið sem um getur hér

á eftir, í samræmi við málsmeðferðarregluna sem um getur í 2. mgr. 5. gr.:

— að laga þessa tilskipun að almennri löggjöf bandalagsins um matvæli,

— að laga tilskipunina að tækniframförum.

5. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar fastanefndarinnar um matvæli (hér á eftir kölluð „nefndin“) sem komið var á fót skv. 1. gr. ákvörðunar 69/414/EBE⁽¹⁾.

2. Þegar vísað er í þessa málsgrein skal beita ákvæðum 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

6. gr.

Tilskipun 73/437/EBE fellur úr gildi frá og með 12. júlí 2003.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun.

7. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 12. júlí 2003. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Beita ber þessum ráðstöfunum þannig að:

— markaðssetning vara, sem eru skilgreindar í A-hluta viðaukans, sé heimiluð frá og með 12. júlí 2003 enda samræmist þær þeim skilgreiningum og reglum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun,

— markaðssetning vara, sem samræmast ekki ákvæðum þessarar tilskipunar, sé bönnuð frá og með 12. júlí 2004.

Markaðssetning vara, sem samræmast ekki þessari tilskipun en eru merktar fyrir 12. júlí 2004 í samræmi við tilskipun ráðsins 73/437/EBE, er samt sem áður heimil uns birgðir eru þrotnar.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

(¹) Stjtið. EB L 291, 19.11.1969, bls. 9.

8. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

9. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. desember 2001.

Fyrir hönd ráðsins,

C. PICQUÉ

forseti.

VIÐAUKI

A. VÖRUHEITI OG SKILGREININGAR

1. **Hálfunninn sykur**

Hreinsaður og kristallaður gæðasúkrósi með markaðsgæðum sem einkennist af eftirfarandi:

- | | |
|--------------------------|---------------------------------|
| a) skautun | ekki undir 99,5 °Z |
| b) magni andsykurs | ekki yfir 0,1%, miðað við þyngd |
| c) efnistapi við þurrkun | ekki yfir 0,1%, miðað við þyngd |

2. **Sykur eða hvítur sykur**

Hreinsaður og kristallaður gæðasúkrósi með markaðsgæðum sem einkennist af eftirfarandi:

- | | |
|--------------------------|--|
| a) skautun | ekki undir 99,7 °Z |
| b) magni andsykurs | ekki undir 0,04 %, miðað við þyngd |
| c) efnistapi við þurrkun | ekki undir 0,06 %, miðað við þyngd |
| d) litargerð | ekki yfir níu punktum, ákvarðað í samræmi við a-lið B-hluta. |

3. **Fínhreinsaður sykur**

Varan sem hefur sömu eiginleika og um getur í a-, b- og c-lið 2. liðar með heildarpunktafjölda sem er ákvarðaður í samræmi við ákvæði B-hluta, mest 8 og ekki fleiri en:

- 4 fyrir litargerð,
- 6 fyrir öskuinnihald,
- 3 fyrir lit í lausn.

4. **Sykurlausn ⁽¹⁾**

Vatnslausn súkrósa sem einkennist af eftirfarandi:

- | | |
|--|---|
| a) þurrefni | ekki undir 62%, miðað við þyngd |
| b) magni andsykurs (hlutfallið milli frúktósa og dextrósa 0,2) | ekki yfir 3%, miðað við þyngd þurrefnis 1,0 ± 0,2) |
| c) öskuinnihaldi mældu samkvæmt eðlisleiðni | ekki yfir 0,1%, miðað við þyngd þurrefnis, ákvarðað í samræmi við b-lið B-hluta |
| d) lit í lausn | ekki yfir 45-ICUMSA einingum. |

5. **Lausn andsykurs ⁽¹⁾**

Vatnslausn súkrósa sem er umsnúinn með vatnsrofi þar sem hlutfallið af andsykri er ekki yfirgnæfandi og sem einkennist af eftirfarandi:

- | | |
|---|--|
| a) þurrefni | ekki undir 62% miðað við þyngd |
| b) magni andsykurs (hlutfallið milli frúktósa og dextrósa (1,0 ± 0,1) | yfir 3% en ekki yfir 50%, miðað við þyngd þurrefnis |
| c) öskuinnihaldi, mældu samkvæmt eðlisleiðni | ekki yfir 0,4%, miðað við þyngd þurrefnis, ákvarðað í samræmi við b-lið B-hluta. |

6. **Umsnúið síróp ⁽¹⁾**

Vatnslausn, mögulega kristölluð, af súkrósa sem hefur að hluta til verið umsnúið með vatnsrofi, þar sem magn andsykurs (hlutfallið milli frúktósa/dextrósa 1,0 ± 0,1) skal vera yfir 50%, miðað við þyngd þurrefnis, en sem skal að öðru leyti uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í a- og c-lið 5. liðar.

⁽¹⁾ Tilgreiningin „hvítur“ er frátekin fyrir:

- | | |
|----|--|
| a) | sykurlausn þar sem litur lausnarinnar fer ekki yfir 25 ICUMSA-einingar sem eru ákvarðaðar í samræmi við aðferðina sem er tilgreind í c-lið B-hluta; |
| b) | lausn andsykurs og umsnúins síróps þar sem: <ul style="list-style-type: none"> — öskuinnihald, sem er mælt samkvæmt eðlisleiðni, fer ekki yfir 0,1%, — litur í lausn fer ekki yfir 25 ICUMSA-einingar sem eru ákvarðaðar í samræmi við aðferðina sem er tilgreind í c-lið B-hluta. |

7. Glúkósasýróp

Hreinsuð og þykkt vatnslausn sakkariða í matvæli sem er fengin úr sterkju og/eða insúlíni og einkennist af eftirfarandi:

- | | |
|----------------------|---|
| a) þurrefni | ekki undir 70%, miðað við þyngd |
| b) dextrósajafngildi | ekki undir 20%, miðað við þyngd þurrefnis og táknað sem D-glúkósi |
| c) sulfatösku | ekki yfir 1%, miðað við þyngd þurrefnis. |

8. Þurrkað glúkósasýróp

Glúkósasýróp sem er þurrkað að hluta til og er a.m.k. 93% miðað við þyngd þurrefnis, en sem skal að öðru leyti uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í b- og c-lið 7. liðar.

9. Einvatnadextrósi

Dextrósi eða einvatnadextrósi, kristallaður með einni sameind af vatni og sem einkennist af eftirfarandi:

- | | |
|-------------------------|---|
| a) dextrósa (D-glúkósa) | ekki undir 99,5%, miðað við þyngd þurrefnis |
| b) þurrefni | ekki undir 90%, miðað við þyngd |
| c) sulfatösku | ekki yfir 0,25%, miðað við þyngd þurrefnis. |

10. Dextrósi eða vatnsfirrtur dextrósi

Hreinsaður og kristallaður D-glúkósi sem er ekki kristallaður með vatni og a.m.k. 98%, miðað við þyngd þurrefnis, en sem skal að öðru leyti uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í a- og c-lið 9. liðar.

11. Frúktósi

Hreinsaður og kristallaður D-frúktósi sem einkennist af eftirfarandi:

- | | |
|---|---------------------------------------|
| innihaldi frúktósa | a.m.k. 98% |
| innihaldi glúkósa að hámarki 0,5% | ekki yfir 0,5%, miðað við þyngd |
| efnistapi við þurrkun | ekki yfir 0,1%, miðað við þyngd, |
| öskuinnihaldi, mældu samkvæmt eðlisleidni | ákvarðað í samræmi við b-lið B-hluta. |

B. AÐFERÐ VIÐ AÐ ÁKVARÐA LITARGERÐ, ÖSKUINNIHALD, MÆLT SAMKVÆMT EDLISLEIÐNI, OG LIT Í SYKURLAUSN (HVÍTAN) OG FÍNHREINSUÐUM SYKRI SEM ER SKILGREINDUR Í 2. OG 3. LIÐ A-HLUTA

Einn „punktur“ svarar til:

- í litargerð: 0,5 eininga, sem eru á kvarðaðar með aðferðum Iðntæknistofnunarinnar í landbúnaði og sykuriðnaði í Brunswick, sbr. 2. mgr. A-hluta í viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1265/69 frá 1. júlí 1969 þar sem kveðið er á um aðferðir til að ákvarða gæði sykurs sem keyptur er fyrir milligöngu umboðsaðila ⁽¹⁾;
- í öskuinnihaldi: 0,0018%, sem er ákvarðað með aðferðum Alþjóðanefndarinnar um samræmdar aðferðir við greiningu sykurs (ICUMSA) sem um getur í 1. mgr. A-hluta í viðauka við reglugerð (EBE) nr. 1265/69;
- í lit í lausn: allt að 7,5 eininga sem eru ákvarðaðar með ICUMSA-aðferðinni sem um getur í 3. mgr. A-hluta í viðauka við reglugerð (EBE) nr. 1265/69.

⁽¹⁾ Stjótíð. EB L 163, 1.7.1969, bls. 1.